



Lagt fyrir 411. fund velferðarráðs þann 20. október 2021
VEL2021090005
RÁ/sá

Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að skuldir leigjenda hjá Félagsbústöðum verði ekki sendar til innheimtufyrirtækja*

Þann 1. september 2021 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um að skuldir leigjenda hjá Félagsbústöðum verði ekki sendar til innheimtufyrirtækja:

Lagt er til að leigjendur hjá Félagsbústöðum sem eru í vanskilum fái tækifæri til þess að greiða niður leiguna án þess að skuldin verði send til innheimtufyrirtækis með tilheyrandi kostnaði. Lagt er til að Félagsbústaðir taki samtal við velferðarsvið/velferðarráð um að leigjendur fái t.d. stuðning í gegnum styrk eða lán hjá velferðarsviði.

Umsögn:

Eins og fram kemur í nýlegu svari Félagsbústaða við fyrirspurn um innheimtu leigu var samningur við innheimtufyrirtækið Motus um innheimtu vanskila endurnýjaður haustið 2019. Samið var um sérgjaldskrá sem er talsvert undir núverandi reglugerð 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

Talsvert hagræði er fyrir Félagsbústaði að hafa aðgang að þeim kerfum og þekkingu sem er til staðar hjá fyrirtækinu. Áhersla er lögð á góð samskipti, góða þjónustu við leigjendur, fagleg vinnubrögð og sveigjanleika. Veigamestu ákvarðanir varðandi innheimtu leiguskulda eru teknar af Félagsbústöðum.

Til upplýsinga er rétt að greina í stuttu máli frá ferlinu við innheimtu leigugreiðslna. Leigureikningar berast leigjendum í heimabanka fyrir lok hvers mánaðar auk þess sem nokkrir leigjendur fá enn senda reikninga í pósti að eigin ósk. Eindagi leigureikninga er sjöunda dags hvers mánaðar. Fjórtán dögum eftir eindaga fær leigjandi innheimtuviðvörðun í nafni Félagsbústaða. Hafi reikningurinn ekki verið greiddur 28 dögum eftir eindaga fer krafan í svokallaða milliinnheimtu. Jafnframt eiga skuldlausir leigjendur kost á að dreifa eins mánaðar leigugreiðslu í allt að 12 mánuði án aðkomu innheimtufyrirtækisins. Þannig hafa leigjendur allt að 5 vikur til þess að greiða leigureikninginn eða semja um greiðslu hans. Þetta svigrúm er mun lengra en almennt gerist á leigumarkaði.

Um 95% leigjenda greiða leigureikninginn áður en til milliinnheimtu kemur, þ.e. fyrir eða á eindaga. Í milliinnheimtu eru send allt að þrjú milliinnheimtubréf auk þess sem hringt er í viðkomandi leigjendur og er leigjendum í öllum tilfellum gefinn kostur á að semja um greiðslu skuldarinnar. Sé ekki samið um greiðslu fer út lögfræðibréf í nafni löginneimtuaðila. Um 97% leigjenda greiða leiguna áður en skuldin fer í lögfræðinnheimtu.

Mikil samvinna er á milli Félagsbústaða, þjónustumiðstöðva og skrifstofu velferðarsviðs um lausnir á málefnum leigjenda sem eru í alvarlegum vanskilum. Leiðarstefið í þeirri vinnu er ávallt að tryggja húsnæðisöryggi leigjenda. Það kann að vera gert með lánnum, styrkjum, samningum, aðstoð við úrvinnslu fjármála o.fl.

Fylgiskjal:

Tillaga fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um skuldir leigjenda hjá Félagsbústöðum